

## Fundargerð

8. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2006-2008, var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 27. september 2006, kl. 16:30.

Fundinn sátu: Arnþór Sigurðsson, formaður, Áslaug Ívarsdóttir, Gestur Guðjónsson Gunnar Sigurðsson, Fríða Rún Þórðardóttir, unglíngalandsliðsþjálfari og Egill Eiðsson, framkvæmdastjóri.

### 1. Fundargerð 7. fundar stjórnar lögð fram. Samþykkt.

#### 2. Fjármál.

- a) Staða fjármála. Lagður fram hreyfingarlisti og aðalbók til 25. sept.
- b) Styrkararsamningar:
  1. Rætt um fyrirkomulag á öflun styrktaraðila s.s. vegna Gullmótasamnings við RUV vegna næsta árs.
  2. Ræddar hugmyndir um samstarf við RUV um útsendingar frá innanhússmótum 2007. Framkvæmdastjóri greindi frá fundi með íþróttadeild RUV sl. mánudag.
- c) Styrkjamál. Samþykkt að sækja um styrki í Íþróttasjóð ríkissins vegna tveggja verkefna á næsta ári. Formaður og Fríða Rún mundu ganga frá umsóknunum fyrir 1. okt. nk.
- d) Merkisberar. Rætt hefur verið við sambandsaðila og einstakling um að taka ákveðna þætti í þessu verkefni að sér, en ekki er komin endanleg niðurstaða í það mál ennþá.

#### 3. Fræðslu- og útbreiðslumál.

- a) Fræðsluráð. Formaður lagði fram tillögu um eftirfarandi aðila í fræðsluráð FRÍ; Egil Eiðsson, Hermund Sigmundsson og Þráin Hafsteinsson.  
Ráðinu er ætlað að móta og skipuleggja þjálfaramenntun sambandsins í tengslum við fræðslukerfi ÍSÍ.
- b) Framkvæmdastjóri greindi frá fyrirlestri sem Vésteinn Hafsteinsson fyrrverandi landsliðsþjálfari FRÍ mun halda í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, mánudagskvöldið 2. okt. nk. Fram kom að Vésteinn bauðst að fyrri bragði til að halda fyrirlesturinn þegar hann yrði á ferðinni á Íslandi, án þess að þiggja neina þóknun fyrir það.

#### 4. Mótamál.

- a) Lagt fram boðsbref frá frjálsíþróttadeild FH vegna Víðavangshlaups Íslands, sem fram á að fara 14. okt. nk. á Víðistaðatúni í Hafnarfirði.
- b) Samþykkt að sigurvegarar í karla- og kvennaflokki í Víðavangshlaupi Íslands fái þátttökurétt á NM í víðavangshlaupum 11. nóvember nk. Ákvörðum um val á fleiri keppendum á NM verður tekin eftir VÍ.
- c) Rætt um dagsetningar á mótum innanhúss 2007 og mögulegar breytingar s.s. vegna útsendinga á ákveðnum mótum í sjónvarpi.
- d) Úthlutun móta 2007. Samþykkt að óska eftir umsóknum um mótshaldara fyrir öll MÍ mót og Bikarkeppnir utanhúss á næsta ári.
- e) Alþjóðlegt innanhússmót 2007. Rætt.

- f) Bikarkeppni FRÍ innanhúss 2007. Rætt.
- g) Samþykkt að boða til mótaþings í nóvember. Framkvæmdastjóri komi með tillögu að dagsetningu fyrir þingið fyrir næsta fund stjórnar.

**5. Lagt fram.**

- a) Lögð fram Afreksstefna FRÍ 2004-2008 til kynningar.
- b) Bréf frá ÍSÍ, fyrra fundarboð um formannafund ÍSÍ 24. nóv. nk.

**6. Önnur mál.**

- a) Gunnar Sigurðsson greindi frá því að hann hefði tekið að sér þjálfun fyrir UMSS næsta árið.
- b) Samþykkt að greiða farmiða fyrir Jónas Egilsson á lyfjaráðstefnu IAAF í Lousanne um nk. mánaðarmót, en ÍSÍ hefur samþykkt að greiða námskeiðsgjaldið fyrir hann.

Næsti fundur stjórnar verður þriðjudaginn 17. október nk. kl. 16:30.

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.